Nr. 1202 13. desember 2017

# GJALDSKRÁ

**Geislavarna ríkisins.**

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | | | kr. |
|---|---|---|---|
| 1. | *Röntgentæki:* | | kr. |
| | a) | Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka | 67.256 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 24.332 |
| | b) | Röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skyggning | 86.755 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 31.817 |
| | c) | Tölvusneiðmyndatæki og O-bogar | 115.773 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 67.312 |
| | d) | Tannröntgentæki | 33.548 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 14.429 |
| | e) | Tölvusneiðmyndatæki við tannlækningar | 90.137 |
| | f) | Iðnaðarröntgentæki (opin aðstaða) | 56.827 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 29.019 |
| | g) | Dýralækningaröntgentæki | 52.329 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni | 16.848 |
| | h) | Öryggisröntgentæki | 38.238 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og sem tilheyrir sama ábyrgðarmanni: | |
| | | 5 eða færri á sama stað | 16.848 |
| | | fyrir hvert tæki umfram 5 á sama stað | 12.173 |
| | i) | Röntgentæki til efnarannsókna og gæðaeftirlits í iðnaði | 33.548 |
| | | fyrir hvert tæki til viðbótar á sama vinnustað og með sama ábyrgðarmann | 12.173 |
| 2. | *Geislalækningatæki og línuhraðlar:* | | 87.821 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild | | 29.830 |
| 3. | *Geislavirk efni, opnar geislalindir:* | | |
| | Rannsóknastofa í flokki A eða sambærileg notkun | | 97.034 |
| | Rannsóknastofa í flokki B eða sambærileg notkun | | 65.995 |
| | Rannsóknastofa í flokki C eða sambærileg notkun | | 42.087 |
| | Framleiðsla á geislavirkum efnum | | 55.941 |
| 4. | *Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:* | | |
| | a) | Nifteindalindir | 52.284 |
| | | fyrir hverja nifteindalind til viðbótar hjá sama aðila | 21.115 |
| | b) | Aðrar lokaðar geislalindir | 48.987 |
| | | fyrir hverja eins lind til viðbótar: | |
| | | i) 5 eða færri til viðbótar á sama stað með sama ábyrgðarmann | 14.430 |
| | | ii) fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað með sama ábyrgðarmann | 12.173 |
| 5. | *Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:* | | |
| | Almennar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil | | 2.361 |
| | Fyrir hvern TLD mæli sem týnist eða skemmist | | 6.502 |
| | Sérhæfðar TLD mælingar, fyrir hvert mælitímabil | | 4.722 |

Heimilt er að lækka eftirlitsgjald um 50% þegar ekki þarf að fara á staðinn heldur nægir að fara yfir gögn og mælingar. Það á við um staði þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við síðasta eftirlit og starfsemin er óbreytt.

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir, með síðari breytingum. Gjaldið skal vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | *Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreininga:* | kr. |
| | a) Önnur röntgentæki en tannröntgentæki, þ.m.t. dýralækningatæki | 16.782 |
| | b) Tannröntgentæki | 11.188 |
| 2. | *Vegna geislalækningatækja og línuhraðla* | 27.970 |
| 3. | *Vegna iðnaðartækja í opinni aðstöðu* | 16.782 |
| 4. | *Vegna öryggis-, efnarannsókna og gæðaeftirlitsröntgentækja* | 11.188 |
| 5. | *Vegna nýrrar eða breyttrar aðstöðu* | 16.782 |
| 6. | *Vegna endurútgáfu leyfa* (nýr ábyrgðarmaður eða kennitala leyfishafa): | |
| | fyrir allt að 3 tæki | 11.188 |
| | fyrir hvert tæki til viðbótar | 2.930 |
| 7. | *Vegna lokaðra geislalinda:* | |
| | a) Nifteindalind eða hágeislavirk lind (sbr. viðauka 1 í reglugerð nr. 1298/2015) | 22.490 |
| | b) Aðrar geislalindir | 16.782 |
| 8. | *Vegna opinna geislalinda:* | |
| | a) Ný starfsemi: | |
| | i. Flokkur A | 27.971 |
| | ii. Flokkur B | 22.377 |
| | iii. Flokkur C | 16.782 |
| | b) Árleg endurnýjun: | |
| | i. Flokkur A | 27.971 |
| | ii. Flokkur B | 22.377 |
| | iii. Flokkur C | 16.782 |
| 9. | *Vegna framleiðslu geislavirkra efna* | 223.720 |
| 10. | *Vegna notkunar leysa og leysibenda* | 11.188 |

11. Geislavarnir innheimta gjald sem nemur 15.443 kr./klst. vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7. og 9. gr. laga nr. 44/2002, vegna annars en þess sem talið er upp hér að ofan.

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu leyfis- og eftirlitsgjalda. Leyfis- og eftirlitsgjöld falla í gjalddaga við útgáfu reiknings með eindaga 30 dögum síðar.

4. gr.

Vegna endurtekinnar eftirfylgni eftirlits vegna þess að ekki er orðið við kröfum um úrbætur innan tiltekins tíma skal innheimt gjald samkvæmt 5. gr. Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit, vegna þess að ekki var sinnt kröfum um úrbætur sem gerðar voru við reglubundið eftirlit, þrátt fyrir endurtekna eftirfylgni, skal greiða fyrir það líkt og um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur kr. 15.443 fyrir sérfræðing og kr. 11.715 fyrir fulltrúa á hverja klukkustund fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð í 2 ár eftir gjalddaga með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni eða geislun skal stofnunin innheimta gjald, að upphæð kr. 27.973. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 4.368. Fyrir mælingar á rafsegulsviði, útfjólublárri geislun og geislun frá leysum skal stofnunin innheimta kr. 27.973 fyrir allt að 8 mælingar á sama stað. Fyrir mælingu á geislun frá leysibendum skal stofnunin innheimta kr. 11.188 fyrir allt að 4 mælingar. Fyrir hverja mælingu þar til viðbótar skal innheimta kr. 2.797.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. og 21. gr. laga nr. 44/2002, um geislavarnir, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Geislavarna ríkisins nr. 415/2017.

*Velferðarráðuneytinu, 13. desember 2017.*

**Svandís Svavarsdóttir**
heilbrigðisráðherra.

*Áslaug Einarsdóttir.*